

Viðtakandi
Skeiða-og gnúpverjahreppur

Ágæta sveitarstjórn

Okkur hjá Kvenfélagi Gnúpverja langar til að segja ykkur örlítið frá okkar starfi og stöðunni hjá félaginu.

Kvenfélag Gnúpverja er stofnað 1929, 38 konur eru í félaginu og af þeim eru 24 konur sem greiða árgjald.(70 ára og eldri greiða ekki árgjald). Meðalaldur félagskvenna er 65,4 ár.

Í gegnum árin hefur félagið gert marga góða hluti sem er kannski ekki svo mikið talað um og alls ekki sýnilegir, gjafir til bágstaddra, ásamt ýmissa styrkja sem mörg félagasamtök reiða sig á. Á hverju ári seljum við Kærleiksenгла sem eru til styrktar Sjúkrahúsi Suðurlands. Við höfum gefið gjafir til Heilsugæslunnar skóla og leikskóla ásamt ýmsu öðru. Að ógleymsdu öllu því sem félagið hefur lagt til félagsheimilisins í Árnosi í gegnum árin sem hvergi hefur komið fram, eins og t.d. kaffikönnur, dúka og ýmis eldhúshöld o.fl. Það er sem sagt ýmislegt sem félagð vinnur bakvið tjöldin sem ekki er á yfirborðinu. Að margra mati eru kvenfélög nauðsynleg í samfélagi eins og okkar.

Við sjáum m.a. um páskabingóíð á hverju ári og jólatréssemmtun ásamt Kvenfélagi Skeiðahrepps. Góð samvinna er á milli kvenfélagana í sveitarfélaginu og fer vaxandi.

Þessar tvær skemmtanir eru meiri samfélagsþjónusta við íbúana en einhver tekjulind. Því borgað er með þessum skemmtunum.

Í dreifbýli eins og við búum í er beinlínis stólað á kvenfélögin með erfidrykkjur og erum við afskaplega ánægðar með þá hefð og að það skuli vera leitað til okkar á slíkum stundum. Með stolti standa konur saman og allar leggja sitt að mörkum og gera sitt allra besta þegar á þarf að halda. Einnig höfum við tekið að okkar aðrar kaffiveitingar og matarveislur ef á þarf að halda, en fer þeim fækkandi allavega á sumrin þar sem veitingaraðili er til staðar í Árnosi. Þar af leiðandi eru erfidrykkjur okkar aðal tekjuöflun. Önnur fjáröflun er ekki auðveld þar sem aldur kvenna er hár og vinna er þá mikið á sömu konunum.

Ágætu sveitarstjórn, okkur langar til að benda á að styrkur í formi húsaleigu frá sveitarfélaginu er 80.000 og hefur verið sama upphæð til fjölda ára. Óskum við eftir því að það verði endurskoðað. Einnig óskum við eftir því að fá allt að 10 fundi á ári í flísal og eða mótuneytissal á verulega lækkaðri húsaleigu. Að endingu er það okkar ósk að hreppurinn sjái sér fært að styrkja samkomur eins og jólatréssemmtun og páskabingó í formi húsaleigu. En báðar þessar samkomur eru fyrir börnin og ekki haldnar til að afla tekna.

Með ósk um góðar undirtektir og skilning á stöðu félagsins.

Kveðja

Stjórn Kvenfélags Gnúpverja.

Í stjórn eru:

Sigrún Símonardóttir formaður
Bryndís Baldursdóttir gjaldkeri
Berglind Bjarnadóttir ritari

Varastjórn:

Sigríður Björk Gylfadóttir
Ingibjörg Stefánsdóttir
Helga Kristinsdóttir